



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Ásmundur Einar Daðason ráðherra

Keilir 12. september 2023

Ályktun framkvæmdastjórnar um áhrif biðstöðu í kjölfar fýsileikakönnunar á mannauð Keilis

Framkvæmdastjórn Keilis hefur sammælt um að sú biðstaða sem hefur skapast með tilheyrandi óvissu um framtíð Keilis í kjölfar fýsileikakönnunar sé með öllu óviðunandi fyrir mannauð Keilis.

Þann 26. apríl sl. barst framkvæmdastjóra/skólameistara Keilis skipunarbréf m.t.t. þess að taka þátt í starfi stýrihóps um eflingu framhaldsskólanna. Skipunarbréf þetta var af hálfu ráðuneytisins auglýst í fjölmiðlum með fréttatilkynningu og þ.a.l. var innihald verkefnisins og sú vegferð sem fór af stað í kjölfarið orðin opinber. Ef litið er burt frá þeim titringi sem þetta olli í upphafi fyrir starfsmenn og nemendur Keilis, þá er það alvarlegt áhyggjuefni að sú tímalína sem ráðuneytið hefur stuðst við hefur ítrekað verið breytt og niðurstöðu frestað.

Í tæpa fimm mánuði hafa starfsmenn óttast um framtíð sína og lífibrauð, haft áhyggjur af því hvað verður um þá uppbyggingu sem unnin hefur verið í Keili og þurft að brynja sig gagnvart opinberri umræðu í nærsamfélagi sínu – fyrir utan að halda andliti gagnvart *eðlilegum spurningum nemenda okkar um stöðuna*. Lykilstarfsmenn hafa eftir sumarið tilkynnt stjórnendum að þeir séu í atvinnuleit vegna stöðunnar og nú á haustdögum hafa tveir starfsmenn sagt upp störfum sínum. Ráðningar eru í uppnámi vegna óvissunnar og eftir situr mannauður í sárum.

Fundurinn biðlar til ráðherra um að mannauði Keilis verði sýnd sú virðing að taka af vafa um niðurstöðu í kjölfar fýsileikakönnunar *hið allra fyrsta* og veita starfsmönnum – og nemendum – von um stöðugleika.

Virðingarfyllt,

Framkvæmdastjórn Keilis

Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri
Sigurður Bjarni Hafþórsson, fjármálastjóri
Anna María Sigurðardóttir, forstöðumaður
Elvar Smári Sævarsson, forstöðumaður
Berglind Kristjánsdóttir, forstöðumaður
Ingigerður Sæmundsdóttir, forstöðumaður
Óskar Pétur Sævarsson, forstöðumaður